

Atli Steinn Sveinbjörnsson  
Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar

Garðabær, 15. mars 2023  
Málsnúmer: 202302-0005  
IAS

**Efni: Umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.**

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar, dags. 2. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.

Náttúrufræðistofnun hefur áður gefið umsögn til Skipulagsstofnunar um matskyldufyrirspurn vegna þessarar framkvæmdar og taldi þá að framkvæmdin þyrfti ekki að fara í umhverfismat.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingatillöguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Strengleiðin er öll á Skildingahrauni sem er nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Skildingahraun er yngra en 14 500 ára og á því er jarðvegs- og gróðurhula svo lítið sést í hraunmyndanir. Nokkrir rishólar standa upp úr gróðurhulunni og sprungur eru áberandi í hrauninu en strengleiðin sneiðir frá þeim að mestu. Það er ekki talið að rask verði mikið á jarðminjum við framkvæmdirnar en Náttúrufræðistofnun mælist til þess að leitast sé við að lágmarka rask á hraunum eins og hægt er við framkvæmdina.

Engar válistaplöntur eru skráðar í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar á strengleiðinni. Gróðurhulan er misþykk og verður leitast við að halda svarðlaginu í heilu lagi og endurnýta það að framkvæmdum loknum svo rask á gróðri verður lítið.

Aðfluttur sandur verður lagður meðfram strengnum og þarf að gæta þess að ekki berist framandi plöntutegundir með honum inn á svæðið.

Áhrif á fugla eru talin verða lítil og tímabundin á meðan á framkvæmdum stendur.

Strengleiðin fer ekki um nein svæði á náttúruminjaskrá, friðlýst svæði eða svæði á B-hluta náttúruminjakrár en nyrstu 350 m leiðarinnar eru innan fjarsvæðis vatnsverndar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna en er tilbúin að veita frekari ráðgjöf ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,  
Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur

